

Ljósmynd – Connor Mowbray

Friðarsúla Yoko Ono er tær ljósgeisli sem streymir uppúr „óskabrunni“ sem er 4 metrar í þvermál og 2 metrar á hæð. Yfirborð brunnsins er þakið sérhönnuðu hvítu gleri sem þróað var í Japan. Tilmæli Yoko Ono, Hugsa sér frið, eru grafin í glerið á 24 tungumálum.

Brunnurinn stendur á palli sem er 17 metrar í þvermál. Að tilmælum Yoko Ono er pallurinn þakinn þremur tegundum af íslensku grjóti – líparíti, grágrýti og blágrýti - sem lagt er á víxl í mósaík mynstur. Yfirborði pallsins er skipt upp með sex „göngum.“ Við ytri enda gangana eru leitarljós sem lýsa lárétt inn að óskabrunninum. Innan í brunninum mæta ljósgeislarnir speglum sem halla 45° og virka eins og strendingar sem varpa ljósinu upp. Speglarnir eru gerðir úr sérstöku efni sem tryggir 99.9% geislabrot. Þessi hönnun er táknræn tjáning Yoko Ono á leiðbeiningarverki sínu „Light House“ sem hún gerði árið 1965.

Til viðbótar við speglana sex, eru níu kraftmikil, ítölsk leitarljós neðst í brunninum sem beina tærum ljósgeislanum beint upp á við. Þannig er friðarsúlan samansett úr 15 ljósgeislum.

VIÐEY — **Eyjan Viðey er söguleg, helg og friðsæl. Þar er gríðarmikið fulglalíf, grasigróið land og mjúkir balar í bland við kyrrð og anda liðinna alda. Nokkrar ágætar gönguleiðir eru um eyjuna. Ströndin er kjörin til lærdóms, upplifana og sköpunar, og munurinn á flóði og fjöru er mjög áberandi. Í Viðey er einnig að finna hið glæsilega verk, Áfanga, eftir bandaríska listamanninn Richard Serra, frá árinu 1990.**

Viðey var fyrst byggð stuttu eftir landnám og þar var stórt og mikilvægt klaustur á miðöldum. Á átjándu öld bjó þar Skúli Magnússon, fyrsti íslenski landfógetinn en Viðeyjarstofa var embættisbústaður hans. Síðar var þar starfrækt prentsmiðja og snemma á 20. öldinni var þar fullkomnasta fjós landsins. Íslenska ríkið gaf Reykjavíkurborg eyjuna á 200 ára afmæli borgarinnar árið 1986 og í kjölfarið var Viðeyjarstofa gerð upp. Á austurhluta Viðeyjar má enn finna minjar um gamla þorpið í eynni.

Reglulegar ferðir eru milli Sundahafnar
í Reykjavík og Viðeyjar.
www.videy.com—Sími 533 5055

HUGSA SÉR FRIÐ

சமாதானத்தை நினையுங்கள்

KÉPZELD EL A BÉKÉT

KUVITTELE RAUHA

წარმოიდგინეთ მშვიდობა

IMAGINA A PAZ

IMAGINE PEACE

平和な世界を想像してごらん

HUGSA SÉR FRIÐ

احلم سلام

想像世界有了和平

„Ég vona að friðarsúlan muni lýsa upp heitar óskir um heimsfrið hvaðanæva að úr veröldinni og veita hvatningu, innblástur og samstöðu í heimi þar sem nú ríkir ótti og ringulreið. Sameinumst um að gera friðsæla veröld að veruleika.“ —Yoko Ono

FRIÐARSÚLAN er hugarfóstur myndlistarkonunnar, tónlistarkonunnar og friðarsinnans Yoko Ono. Verkið er hugsað sem leiðarljós helgað heimsfriði. Verkið er í formi óskabrunns sem ber áletrunina “Hugsa sér frið” á 24 tungumálum. Úr brunninum rís ljóssúla sem samanstendur af mörgum ljósgeislum sem sameinast í einn ljósgeisla sem teygir sig upp til himins.

Sex ljósanna berast um rásir í kringum brunninn og endurkastast upp á við með speglum. Pallurinn umhverfis verkið er klæddur þremur tegundum íslensks náttúrusteins. Hugmyndin að FRIÐARSÚLUNNI á rætur að rekja til eldra verks Yoko Ono frá árinu 1965, LJÓSHÚS, sem var hugmynd um mannvirki gert alfarið úr ljósi.

„Ljóshúsið er tálsýn, byggt úr tæru ljósi. Sláðu upp strendingum á ákveðnum tíma dags, við ákveðna kvöldbirtu sem streymir gegnum strendingana, og ljóshúsið birtist í miðju vallarins eins og táknmynd, nema hvað þessi táknmynd býður þér inngöngu ef þú vilt. Svo kann að fara að ljóshúsið birtist ekki daglega, alveg eins og sólin skín ekki daglega.“

„Hugsa sér allt fólkið lifa lífinu í friði.“ —John Lennon

„Draumur sem mann dreymir einn er aðeins draumur. Draumur sem okkur dreymir saman er raunveruleiki.“ —Yoko Ono



Ljósmynd — Miguel Angel Valero

Óskatré (WISH TREE) Yoko Ono frá 1996 er venslaverk sem hefur verið órjúfanlegur þáttur í mörgum sýningum hennar víða um heim. Á söfnum og menningarstofnunum hafa gestir verið hvattir til að skrifa niður persónulegar óskir sínar um frið og binda þær á greinar trés.

Yoko Ono heldur áfram að safna öllum óskunum af Óskatrjám sínum um allan heim og eru þær nú orðnar yfir ein milljón talsins. Óskirnar eru varðveittar og skilaboð þeirra lifa áfram í óskabrunni FRIÐARSÚLUNNAR, þaðan sem kraftur þeirra er sendur um heiminn.

평화를 꿈꾸자 | ILARAWAN ANG MUNDONG MAPAYAPA | رویای صلح | BARIŞI DÜŞLE | IMMAGINA LA PACE | חלום שלום | IMAGINA LA PAZ | IMAGINEZ LA PAIX | TUFIKIRIENI AMANI | ПРЕДСТАВЬТЕ СЕБЕ МИР | शान्ति की कल्पना करें | STELL DIR VOR ES IST FRIEDEN